

Benchmark Genetics Iceland hf.
Bæjarhrauni 14
220 Hafnarfjörður

Selfossi, 15. nóvember 2024
Tilvísun: 2410278

Efni: Svar við andmælum Benchmark vegna eftirlisskýrslu nr. 38471

Þann 18. og 31. október 2024 bárust Matvælastofnun athugasemdir Benchmark Genetics Iceland (hér eftir eftirlitsþegi) við eftirlitsskýrslur stofnunarinnar nr. 38471 vegna rekstrarleyfis FE-1175. Framangreind eftirlitsskýrsla er dagsett 17. október og send eftirlitsþega sama dag. Skýrslan var rituð í kjölfar eftirlits sem fram fór í eldisstöðinni Kirkjuvog þann 3. október, 2024.

Eftirlitsþegi sendi andmæli í fjórum liðum við framangreinda skoðunarskýrslu. Hér verða athugasemdir eftirlitsþega rakin og afstaða Matvælastofnunar við þeim. Hagræðis vegna verður afstaða Matvælastofnunar rakin undir hverjum lið fyrir sig. Andmæli eftirlitsþega eru skáletruð.

1.a Frávik 5.1.2. Þjálfun starfsfólks

Sett voru fram andmæli í fyrri þósti við eftirfarandi lið frávíks 5.1.2 "Ekki er til staðar verklag/skrá þar sem tilgreint er hvaða verkþætti starfsmaður þarf að tileinka sér, þ.e. hvaða þætti þarf starfsmaður að læra við upphaf starfs, innan hvaða tímamarka því þarf að vera lokið, hvaða þekkingu þarf að viðhalda og tíðni." Í fyrri tölvuþósti komu eftirfarandi andmæli komu fram: Reglugerð 540/2020 skilgreinir ekki að fram þurfi að koma í þjálfunarskrá innan hvaða tímamarka þjálfun þurfi að vera lokið, hvaða þekkingu þurfi að viðhalda og tíðni heldur stendur aðeins að til þurfi að vera þjálfunarskrá þar sem tilgreindir eru þeir verkþættir sem starfsmaður þarf að tileinka sér. Sendar voru þjálfunarskrár fyrir starfsfólk Kirkjuvogs þar sem fram komu þeir þættir sem viðkomandi á að hafa þjálfun í og hann hefur lokið." Frávik því ekki talið réttmætt og óskað að það sé fellt brott.

Matvælastofnun bendir á að í Viðauka III við reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 er fjallað um þjálfun starfsmanna. Þar kemur fram að halda skuli þjálfunarskrá fyrir hvern einstaka starfsmann og að sú skrá innihaldi þá þjálfun sem starfsmaður hafi lokið og tilgreindir þeir verkþættir sem starfsmaður þarf að tileinka sér. Þar kemur jafnframt fram að öllum starfsmönnum skal kynnt gæðastjórnunarkerfi fyrirtækis í nýliðakynningu og að tryggt skal að starfsmaður ljúki eftirfarandi þjálfun í nýliðaþjálfun:

- Varnir gegn stroki; helstu ástæður fyrir stroki og hvernig best er að koma í veg fyrir þær.
- Viðbrögð við stroki.
- Meðhöndlun eitrefna þegar það á við.
- Þekkingu á verklagsreglum, viðbragðsáætlunum og innra eftirliti sem hann vinnur við.

Í viðaukanum kemur enn fremur fram að tryggja skuli að starfsmenn fái þjálfun þar sem markmiðið er:

- Að hindra stök og virkja viðbragðsáætlun ef það gerist.
- Að lágmarka umhverfisáhrif.
- Að tryggja velferð eldisdýra.

Út frá ákvæðum reglugerðarinnar er ljóst að um er að ræða annars vegar yfirlit/skrá yfir hvaða þjálfun eftirlitsþegi telur að starfsfólk sitt þurfi að fá og hins vegar skrá yfir alla þjálfun sem tiltekinn starfsmaður hefur lokið, þ.e. ein þjálfunarskrá fyrir hvern starfsmann.

Við túlkun á reglugerðinni er einnig augljóst að gert er ráð fyrir tvennskönar þjálfun starfsfólks, annars vegar nýliðaþjálfun og hins vegar þjálfun sem á sér stað eftir að nýliðaþjálfun er lokið enda er um ólíka þjálfunarþætti að ræða. Nýliðaþjálfun á eðli málsins samkvæmt að fara fram innan skamms tíma frá upphafi starfs, helst innan 3 mánaða. Rekstrarleyfishafar hafa rúmar heimildir til að afmarka inna hvaða tímamarka hann telji starfsfólk sitt þurfa að ljúka hverjum þjálfunarþætti en Matvælastofnun telur að rekstrarleyfishöfum beri að tilgreina tímamörk fyrir lok þjálfunar með skýrum hætti til þess að hægt sé m.a. að sinna innraeftirliti rekstrarleyfishafa um að þjálfun starfsfólks sé lokið.

Matvælastofnun sendi tölvupóst á eftirlitsþega í kjölfar eftirlitsins þar sem óskað var eftir ýmsum gögnum, m.a. þjálfunarskrá fyrir alla starfsmenn og yfirlit/áætlun um fræðslu/þjálfun starfsmanna - skrá þar sem fram kemur: hvað þarf starfsmaður að læra við upphaf starfs og hvaða þekkingu þarf að viðhalda.

Þrátt fyrir að Matvælastofnun hafi óskað eftir að fá þjálfunarskrá allra starfsmanna barst einungis ein þjálfunarskrá. Ein þjálfunarskrá var send í tveimur skjölum sem báru heitið „Bjarni almenn þjálfun.jpeg“ og „Bjarni þjálfun í verkferlum.jpeg.“ Þessi þjálfunarskrá er þó ekki merkt tilteknum starfsmanni á blaðinu sjálfu og ekki er ljóst hvenær starfsmaðurinn hóf störf. Á þeim er kvittað undir að tiltekinn starfsmaður, Bjarni, hafi hlotið þjálfun í nokkrum þáttum þann 7. október 2022. Af fyrrnefndum skjölunum má sjá að ekki ertu tilgreindir allir þeir þættir í þjálfunarskránni sem starfsmenn eftirlitsþega eiga að fá þjálfun í skv. viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020, þar með talið þættir sem tilheyra nýliðaþjálfun og frekari þjálfun starfsmanna.

Af fyrrnefndri þjálfunarskrá Bjarna má einnig sjá að þjálfun hans fór fram þann 7. október 2022. Ekkert hefur verið skráð í þjálfunarskránni frá þeim degi en ljóst er að í þeirri þjálfun sem fór fram á fyrrnefndri dagsetningu er ekki fullnægjandi nýliðaþjálfun. Ekki var farið yfir varnir gegn stroki, helstu ástæður og hvernig koma megri í veg fyrir stök, viðbrögð við stroki og óljóst hvort að þjálfun hafi átt sér stað í verklagsreglum, viðbragðsáætlunum og innra eftirliti. Þá hefur viðkomandi starfsmaður heldur ekki lokið þeirri þjálfun sem reglugerðin kveður á um lágmarka umhverfisáhrif og tryggja velferð eldisdýra þrátt fyrir að hafa verið að því er virðist starfsmaður eftirlitsþega í tvö ár.

Það vekur athygli Matvælastofnunar að þjálfun starfsmannsins „Bjarna“ klárast innan sama dags. Að mati Matvælastofnunar er þjálfunin viðamikil og ekki verður séð að hún geti rúmast innan eins dags. Sé það raunin er ljóst að fræðsla sé ekki nægjanlega umfangsmikil.

Stofnuninni barst einnig nokkur yfirlit yfir ýmis námskeið sem haldin hafa verið hjá eftirlitsþega þar sem starfsmenn hafa kvittað undir neðst undir hvert blað. Ekki er hægt að meta út frá þessum gögnum hvort um sé að ræða alla starfsmenn eftirlitsþega þar sem skrá yfir starfsmenn fylgdi ekki með eða hvaða námskeiðum viðkomandi starfsmenn hafa lokið þar sem þetta telst ekki þjálfunarskrá starfsmanna. Matvælastofnun telur það ekki fullnægjandi að þjálfun starfsmanna sé tilgreind á einstaka blöðum enda næst ekki yfirsýn yfir þjálfun einstakra starfsmanna með þeim hætti heldur þurfi að halda utan um þjálfun hvers og eins starfsmanns í sér skrá, enda kveður reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 á um að halda skuli þjálfunarskrá fyrir hvern einstaka starfsmann.

Matvælastofnun bendir jafnframt á að þrátt fyrir að það hafi ekki verið tilgreint sérstaklega í eftirlitsskýrslunni þá sendi eftirlitsþegi sendi ekki þjálfunarskrár alla starfsmanna eins og óskað var eftir heldur einungis eina þjálfunarskrá.

Með andmælum eftirlitsþega sem bárust með tölvupósti þann 18. október sl. sendi eftirlitsþegi frekari gögn og í póstinum kom m.a. eftirfarandi fram: „Sömuleiðis var óskað eftir yfirliti þjálfunar og þjálfunarskrá sem við misskildum að átt væri við þjálfunarskrá stöðvar þar sem það er bæði áætlun og staðfesting þjálfunar fyrir starfsfólk stöðvar. Í viðhengi er ferli þjálfunar sem lýsir almennri uppsetningu þjálfunar starfsfólks.“ Matvælastofnun upplýsti eftirlitsþega að þessi gögn væru móttækin og að gögnin yrðu yfirfarin við eftirfylgni eftirlit sem myndi verða framkvæmt í kjölfar þess að öll frávik sem skráð voru í eftirlitsskýrsluna ættu að hafa verið lagfærð á grundvelli þeirra tímamarka sem eftirlitsþegi setti sér í tímasettu úrbótaætluninni sem búið væri að óska eftir að eftirlitsþegi myndi senda stofnuninni.

Við vinnslu andmæla þessa skoðaði Matvælastofnun engu að síður framangreint skjal sem vísað er til í andmælum. Ljóst er af því að þar er um að ræða einskona áætlun um þjálfun starfsfólks og í henni eru tilgreind tíðni tiltekinna þjálfunar/námskeiða sem starfsmenn þurfa að taka þátt í. Þessi skrá yfir þjálfun sem starfsfólk eftirlitsþega þarf að fá er þó ekki með öllum þeim þáttum sem tilgreindir eru í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 en í hana vantar t.d. tímamörk nýliðaþjálfunar. Það er því ljóst að mati Matvælastofnunar að eftirlitsþegi hefur til staðar skrá/yfirlit yfir fræðslu sem starfsfólk þarf að fá sem og þjálfunarskrá fyrir einhverja starfsmenn. Óháð því hvort Matvælastofnun horfi til fyrrnefndrar skráar um þjálfun starfsfólks eða ekki við úrvinnslu andmæla þessara þá er ljóst að ekki er hægt að taka andmæli eftirlitsþega til greina þar sem skráin er ekki fullnægjandi.

Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu fráviksins réttmæta og fellst ekki á rök eftirlitsþega um að frávik undir lið 5.1.2 í eftirlitsskýrslu dagsettri 17. október 2024 verði fellt á brott.

- 1.b *Andmælt var öðrum lið fráviks 5.1.2 Þjálfun starfsfólks varðandi að í þjálfunarskrá starfsmanns kæmi ekki fram þátttaka í árlegum fundi um gæðamál og hljóðaði athugasemdin (andmælin) svona: "Varðandi staðfestingu á þátttöku starfsmanns á árlegum fundi um innihald gæðahandbókar þá segir Viðauki III Reglugerðar 540/2020 aðeins að árlega skuli haldinn fundur með starfsmönnum þar sem farið er yfir efni gæðahandbókar og kynntar breytingar og nýjar áherslur sem gerðar hafa verið og þátttaka skráð í þjálfunarskrá en ekki tilgreint í þjálfunarskrá hvers starfsmanns. Send var þjálfunarskrá yfir þátttöku starfsfólks á starfsmannafundi þar sem farið var yfir VIS (gæðahandbókina) breytingar og nýjar áherslur þar sem nöfn starfsmanna og kvittun fyrir að hafa hlotið þjálfun koma fram." Frávik því ekki talið réttmætt og óskað eftir að það sé fellt brott.*

Matvælastofnun vísar til umfjöllunar um andmæli 1.a hér að framan um þjálfunarskrá starfsmanna eftirlitsþega og hvað eigi að koma fram í henni. Í viðauka III við reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 kemur skýrt fram að skrá skuli þátttöku starfsmanns í þjálfunarskrá.

Einstaka fundargerð námskeiða og eða starfsmannafundar er ekki þjálfunarskrá í skilningi reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020. Með vísan til framangreinds ákvæðis í reglugerðinni er eftirlitsþega skylt að skrá þátttöku starfsmanns í þjálfunarskrá hans þó svo að þátttaka hans sé einnig skráð í fundargerð. Matvælastofnun telur skráningu fráviksins réttmæta og fellst ekki á rök eftirlitsþega um að framangreint frávik undir lið 5.1.2 í eftirlitsskýrslu dagsettri 17. október 2024 verði fellt á brott.

2. Varðandi frávik **5.1.3 Verklagsreglur** þá var eftirfarandi texta í fráviki andmælt. "Verklagsreglur uppfylla ekki kröfur sem gerðar eru til verklagsreglna þar sem eftirfarandi þættir koma ekki fram í þeim: markmið, ábyrgð, tíðni, viðmiðunarmörk, aðgerðir til úrbóta og hvað skuli skráð."

Andmælin sem voru í fyrri tölvupósti: "Reglugerð nefnir „Við skrif á verklagsreglu skal hafa eftirfarandi verkþætti **til viðmiðunar**; markmið, tíðni, framkvæmdaaðila eða ábyrgðaraðila, framkvæmd eftirlits, viðmið, úrbætur og skráningu“.

Í verklagsreglum í VIS kemur fram Tilgangur og umfang (markmið), ábyrgð, tíðni þar sem við á eins og tínsla dauðfisks (daglega), viðmiðunarmörk þar sem við á, almennt er ekki vísað í aðgerðir til úrbóta í verklagsreglum en ferli stöðugar umbætur sem sent var tilgreinir að frávik og tækifæri til úrbóta skuli skrá í VIS."

Þarna voru andmælin þau að í reglugerð stendur til **viðmiðunar** en er ekki kveðið á um að verklagsregla skuli hafa þá þætti sem gefnir eru upp sem viðmið. Þriðja aðila úttektir á verklagsreglum fyrirtækisins skv. ISO 9001:2015 hafa ekki skráð frávik varðandi uppsetningu verklagsreglna/ferla þar af leiðandi er óskað eftir að þessi texti sé felldur út.

Einnig var andmælt því að gera þurfi verklagsreglu varðandi losun dauðfisks úr kerjum þar sem verklagsregla var til staðar en var ekki send vegna misskilnings að óskað hefði verið eftir ABP ferlinu og var verklagsreglan Reglulegt eftirlit hrognkelsa sem felur meðal annars í sér losun dauðfisks úr kerjum send þegar misskilningurinn kom í ljós. Óskað eftir að það sé fellt út eða umorðað þar sem verklagsreglan var sannanlega til staðar.

Í eftirliti Matvælastofnunar hjá eftirlitsþega þann 3. október 2024 voru verklagsreglur eftirlitsþegar skoðaðar. Óskað var eftir afriti af eftirfarandi verklagsreglum með tölvupósti sendum til eftirlitsþega þann 4. október: verklagsreglu um losun á dauðfiski úr kerjum, verklagsreglu um hreinsun á kerjum, verklagsreglur um flutning á fisk úr stöð og verklagsreglu um bólusetningar. Eftirlitsþegi sendi Matvælastofnun gögn sem farið var yfir og hluti þeirra talin ófullnægjandi. Frávik sem skráð var í eftirlitsskýrslu eftirlitsþega hvað varðar lið 5.1.3. var þriþætt:

1. Verklagsreglur uppfylla ekki kröfur sem gerðar eru til verklagsreglna þar sem eftirfarandi þættir koma ekki fram í þeim: markmið, ábyrgð, tíðni, viðmiðunarmörk, aðgerðir til úrbóta og hvað skuli skráð.
2. Gera þarf verklagsreglu um losun á dauðfiski úr kerjum. Verklag um APB aukaafurðir er ekki sama verklagsregla.
3. Í verklagsreglu um flutning á fisk í og úr stöð vantar að hafa viðbragð ef upp koma frávik í flutningi.

Allir þessir þrír liðir eru teknir saman í eitt frávik sem skráð er í eftirlitsskýrsluna.

Hvað varðar lið 1 þá bendir Matvælastofnun á að eftirlitsþegum beri að fara eftir lögum um fiskeldi nr. 71/2008 og reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 við rekstur fiskeldis. Í viðauka III í fyrrnefndri reglugerð er fjallað um verklagsreglur. Þar kemur fram að við skrif á verklagsreglu skuli hafa eftirfarandi verkþætti til viðmiðunar: markmið, tíðni, framkvæmdaaðila eða ábyrgðaraðila, framkvæmd eftirlits, viðmið, úrbætur og skráningu.

Matvælastofnun telur að með vísun til orðalags framangreinds ákvæðis „til viðmiðunar“ sé verið að vísa til þess að í flestum tilfellum eigi allir þeir verkþættir sem taldir eru upp í ákvæðinu við en í einhverjum tilfellum eigi einhver þessara atriða ekki við tiltekna verklagsreglu og því

óþarfi að tilgreina þá sérstaklega. Matvælastofnun telur að í flestum tilfellum eigi allir verkþættir sem tilgreindir eru í reglugerðinni við og einungis í undantekningartilfellum sé hægt að falla frá einhverjum þeirra við gerð verklagsreglna sem varða fiskeldi.

Við yfirferð á innsendum gögnum eftirlitsþega er ljóst að þær verklagsreglur sem óskað var eftir uppfylla ekki allar framangreind kröfu í reglugerð um fiskeldi til verklagsreglna. Vísar Matvælastofnun sérstaklega til verklagsreglu sem eftirlitsþegi kallar verklagsreglu um hrognkelsi útflutningur stór seiði, verklagsreglu um flutning til Færeyja og verklagsreglu um flutning milli kerja. Í eftirlitsskýrslunni kemur fram að í verklagsreglu um flutning á fisk í og úr stöð skortir umfjöllun um viðbragð ef upp koma frávik í flutningi, sjá lið 3 undir lið 5.1.3 í eftirlitsskýrslunni. Matvælastofnun telur nauðsynlegt að í verklagsreglu um flutning á fisk sé undantekningarlaust fjallað um til hvaða aðgerða/úrboða sé rétt að grípa til komi til fráviks t.d. ef barki slitnar eða losnar frá dælu o.s.frv. enda ljóst að slík atvik geta komið upp og nauðsynlegt að starfsfólk eftirlitsþega viti til hvað viðbragðs ber að grípa ef slíkar aðstæður skapast.

Matvælastofnun getur ekki fallist á það með eftirlitsþega að verklagsreglur hans uppfylli öll skilyrði til verklagsreglan þar sem þriðja aðila úttektir á verklagsreglum fyrirtækisins hafa ekki skráð frávik varðandi uppsetningu á verklagsreglum/ferlum. Óljóst er með öllu hvort úttektinni hafi verið beint sérstaklega að reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 og þeim atriðum sem reglugerðin kveður á um að koma eigi fram í verklagsreglum og hvaða verklagsreglur eftirlitsþegi ber að hafa samkvæmt reglugerðinni og kröfum Matvælastofnunar.

Varðandi lið 2 þá er það mat Matvælastofnunar að eftirlitsþega hafi ekki átti að dyljast að með beiðni um afhendingu á gögnum sem send var eftirlitsþega í tölvupósti þann 3. október væri verið að óska eftir verklagsreglu um losun á dauðfiski úr kerjum, en ekki ABP ferli eins og eftirlitsþegi sendi stofnunninn. Í tölvupóstinum er skýrlega kveði á um þau gögn sem óskað er eftir.

Þar sem eftirlitsþegi sendi ferli ABP í stað verklagsreglu um losun á dauðfiski úr kerjum leit Matvælastofnun eðli málsins samkvæmt svo á að verklagsregla um losun á dauðfis væri ekki til og skráði frávik vegna þessa. Eftirlitsþegi sendi með andmælum sínum verklagsreglu um reglulegt eftirlit hrognkelsa. Matvælastofnun staðfestin móttöku gagnanna og upplýsti eftirlitsþega að gögnin yrðu yfirfarin við eftirfylgni eftirlit sem myndi verða framkvæmt í kjölfar þess að öll frávik sem skráð voru í eftirlitsskýrsluna ættu að hafa verið lagfærð á grundvelli þeirra tímamarka sem eftirlitsþegi setti sér í tímasettu úrbótaætluninni sem búið væri að óska eftir að eftirlitsþegi myndi senda stofnuninni.

Matvælastofnun telur skráningu fráviksins réttmæta og fellst ekki á rök eftirlitsþega um að framangreint frávik undir lið 5.1.3 í eftirlitsskýrslu dagsettri 17. október 2024 verði fellt á brott.

3. **5.1.6 Innri úttekt – sannprófun (rekstrarleyfi < 20.tonn:** „Í verklagi um innri úttekt - sannprófum er ekki tilgreint að sannprófunarhópur skuli vera óháður né hverjir skipa hann. Því er ekki hægt að meta hvort hann sé óháður eins og krafa er gerð um“

Andmæli í fyrri tölvupósti : „Sent var ferli innri úttektir sem lýsir framkvæmd innri úttekta, þar kemur fram að hverjir skipi sannprófunarhóp þar á meðal gæðastjóri og starfsfólk gæðadeildar sem hlotið hefur þjálfun í framkvæmd innri úttekta og telst óháð starfsemi annarra deilda. „ Með tilvísun í þessi andmæli teljum við að fella skuli þetta frávik niður.

Eins og fram hefur komið fór Matvælastofnun yfir gögn sem eftirlitsþegi sendi inn eftir að stofnunin hafði kallað eftir þeim með tölvupósti dagsettu 3. október 2024. Meðal þeirra gagna

var skjal sem ber heitið „Innri úttektir“ og eftirlitsþegi vísar til í andmælum sínum hvað varðar þennan lið.

Í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 er fjallað um sannprófunarhópa. Þar kemur skýrt fram að rekstrarleyfishöfum ber að skipa sannprófunarhóp og að sá aðili sem framkvæmir sannprófunina skuli vera óháður þeim þáttum sem verið er að sannprófa hverju sinni. Til þess að Matvælastofnun geti meti hvort að rekstrarleyfishafar uppfylli þau skilyrði reglugerðarinnar um að framkvæmdaraðilar sannprófunar sé óháður er nauðsynlegt að þeir aðilar sem framkvæmi sannprófunina séu tilgreindir sérstaklega í verklagi rekstrarleyfishafa.

Verklagi eftirlitsþega um innri úttekt tilgreindir ekki þá aðila sem skipa sannprófunarhópinn og ekki er hægt að lesa út úr því hver nákvæmlega framkvæmir sannprófunina. Það eina sem kemur fram í verklaginu er eftirfarandi:

Ábyrgð:

Starfsmaður gæðadeildar með tilskylda þjálfun sér um uppfærslu ferlis.

Gæðastjóri ber ábyrgð á samþykkt ferlis og að innri úttektir séu framkvæmdar.


Sannprófunarhópur sem hlotið hefur þjálfun í innri úttektum skal framkvæma innri úttektir.

Í fyrrnefndu verklagi kemur ekkert fram um að sannprófunarhópur skuli vera óháður starfsemi annarra deilda eins og eftirlitsþegi heldur fram í andmælum sínum. Matvælastofnun getur því ekki með neinu móti metið hvort sannprófunarhópurinn sé óháður eða ekki.

Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu fráviksins réttmæta og fellst ekki á rök eftirlitsþega um að frávik undir lið 5.1.6 í eftirlitsskýrslu dagsettri 17. október 2024 verði fellt niður.

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar Matvælastofnunar við alla liði andmæla eftirlitsþega er ljóst að stofnunin tekur andmæli Benchmark Genetics Iceland vegna eftirlitsskýrslu nr. 38471 dags. 17. október 2024 ekki til greina. Bent er á að hægt er að kæra ákvörðunina til Matvælaráðuneytisins og fer um kærana samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008. Kærufrestur er einn mánuður frá dagsetningu þessa bréfs að telja.

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar



Jónína Guðmundsdóttir
Lögfræðingur